

Fisktæknir

Starfar við vinnslu sjávarafurða sem sérhæfður starfsmaður eða flokkstjóri með ábyrgð á ákveðnum verkstöðvum hjá fiskvinnslufyrirtækjum, útgerðum, fiskeldisstöðvum og öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Fisktæknir getur einnig starfað sem sölumaður hjá fisksölufyrirtæki eða fyrirtæki sem selur tæki og búnað fyrir sjávarútveg.

Hæfnikröfur

- hefur þekkingu og skilning á grunnatriðum fiskeldis, veiða og vinnslu og meðferð sjávarafurða
- hefur þekkingu á verkferlum og reglum sem tilheyra störfum í sjávarútvegi, svo sem í fiskvinnslu, um borð í fiskiskipum/bátum eða í fiskeldi
- hefur hæfni til að starfa í matvælaframleiðslu þar sem hámarksnýting hráefnis og gæði afurða eru lykilatriði
- kann skil á virðisdeðju, allt frá framleiðsluferli fiskveiða og fiskeldis, til vinnslu og neyslu sjávarafurða
- er fær um gæðaeftirlit og gerð gæðaskýrslna undir handleiðslu verkstjóra/gæðastjóra og er meðvitaður um eigin áhrif í gæðakeðju fyrirtækisins
- hefur hæfni til að meta hráefni, fullunnar afurðir og umbúðir, gætir þess að innihald samræmist stöðlum
- er fær um að gera lýsingu á hráefni fyrir kaupendur á fiskmarkaði og bera ábyrgð á úttektarskýrslum
- sýnir fyllstu aðgát og ábyrgð við stjórnun og umgengni við vélbúnað, bæði til sjós og lands og getur séð um þrif og þrifaúttektir
- tekur þátt í þjálfun nýliða, skipulagningu vinnslupátta, áætlanagerð um framleiðslu og afurðasamsetningu og útreikningum á afkomu í vinnslulotum
- hefur þekkingu og skilning á almennum ákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna, samskiptum stjórnenda og starfsfólks og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti, hreinlæti og öryggi á vinnustað
- þekkir grundvallaratriði sjálfbærni og umhverfisverndar og mikilvægi ábyrgra veiða á lífríki sjávar
- getur metið starfshæfni sína og lagt sitt af mörkum til úrbóta og úrlausna í samskiptum á vinnustað starfsfólki, fyrirtæki og umhverfi til hagsbóta